

Heilsuleikskólinn Laufás Ársskýrsla



Frá útskriftarferð 2017 m.a. Náttúrugripasafn Vestfjarða og Ósvör

Frá september 2016 til ágústloka 2017



Efnisyfirlit

Inngangur	2
Laufás	3
Fjöldi deilda og nemenda	3
Fjöldi kennara, stöðugildi og forföll.....	3
Starfsfundir, skipulags- og námskeiðsdagar.....	4
Starfsgrundvöllur – markmið leikskólans 2015-2016	7
Læsi í leikskólanum - Stillum saman strengi	11
Endur og símenntunaráætlun.....	12
Sérkennsla	13
Upplýsingar um sjálfsmat.....	14
Upplýsingar um breytingar, viðgerðir og viðhald í leikskólanum.....	16
Upplýsingar um keypta þjónustu.....	17
Fylgiskjal 1	18

Inngangur

Í ársskýrslu Heilsuleikskólans Laufás fyrir skólaárið 2016-2017 verður farið yfir helstu þætti starfseminnar. Fjallað verður um skólalaldið, niðurstöður um hvernig tókst til að vinna eftir stefnum og áætlunum ársins, fjölda nemenda, fjölda kennara, stöðugildi og forföll.

Upplýsingar um keypta þjónustu, sjálfsmat, um nauðsynlegar breytingar og um stórar fjárfestingar sem talið er nauðsynlegt að fara í. Einnig verður fjallað um hvernig tókst að halda fjárhagsáætlun og hvernig tókst til með starfsmarkmið.

Laufás

Heilsuleikskólinn Laufás var formlega opnaður 19. nóvember 1987. Hann er byggður sem tveggja deilda leikskóli. Leikskólinn fékk mötuneytiseldhús 2006 og sér um mötuneytisþjónustu við Grunnskólann á Þingeyri síðan. Tekin var upp Heilsustefna í leikskólanum 2007 og fékk Laufás formlega viðurkenningu sem Heilsuleikskóli þann 29. sept. 2008. Laufás er opinn alla virka daga frá 1. september frá 7:45 – 16:15 og er einsetinn leikskóli.

Fjöldi deilda og nemenda

Starfrækt var ein deild sem var skipt í 2 aldurskipta hópa. Boðið var upp á 4-8.5 tíma vistun fyrir börn eins til sex ára. Á þessu starfsári voru 10-12 börn á Laufási.

Einnig sjáum við um Dægradvöl fyrir grunnskólabörn á yngsta stigi á veturna.

Fjöldi kennara, stöðugildi og forföll

Einn leikskólakennari starfar sem leikskólastjóri. Tveir starfsmenn, báðir leikskólaliðar störfuðu á leikskólanum skólaárið 2016-2017 ásamt matráði. Þessir starfsmenn skipta einnig með sér þrifum á leikskólanum. Gert er ráð fyrir 5 stöðugildum við leikskólann en matráður sem einnig sér um matreiðslu fyrir grunnskólann á Þingeyri er í 90% stöðu frá 1. september – 31. maí en fer þá í 60% stöðu þegar grunnskólinn er í fríi. Forföll eru alltaf einhver, t.a.m. er einn starfsmaður í skóla, uppáfallandi veikindi og þess háttar. Það var einn starfsmaður lausráðinn í afleysingar, en að öllu jöfnu er það leikskólastjórinn sem leysir af í öllum stöðum.

Starfsfundir, skipulags- og námskeiðsdagar

Dagsetning	
9. ágúst	Starfsfundur
9. sept.	Starfsdagur
14. okt.	Námskeiðsdagur
25. nóv.	Starfsfundur
2. jan.	Starfsdagur
13. mars	Starfsfundur
21. apríl	Starfsdagur
19. maí	Starfsfundur
7. júlí	Starfsfundur

Starfsdagar - Námskeiðsdagar

Starfsdagar voru notaðir til fræðslu og undirbúnings.

Sameiginlegur námskeiðsdagur leikskóla Ísafjarðarbæjar var haldinn þann 14. október. Námskeiðið sem boðið var upp á var haldið á Ísafirði og bar yfirskriftina, *Samskipti á vinnustað*. Fyrirlesari á námskeiðinu var Eyþór Eðvaldsson og var námskeiðið haldið í Frímúrarasalnum á Ísafirði. Á undan því var deildarstjóri á Tanga, Jóna Lind Kristjánsdóttir með kynningu á útikennslu sem hún vann við í starfi sínu í leikskóla í Noregi til nokkurra ára.

Einn starfsdagur var nýttur til að undirbúa starfið á haustönn. Einn starfsdagur var nýttur til að undirbúa starfið á vorönn. Einn starfsdagur var nýttur í starfsmannamál og námskeið sem Jensína K. Jensdóttir jógakennari var með, Jóga með börnum. Foreldrum var boðið að taka þátt og vera með. Einn starfsdagur var nýttur til að skoða Tanga en það er leikskóladeild frá Sólborg þar sem elstu nemendur Sólborgar og Eyrarskjóls eru í innréttuðum kjallara Tónlistaskólans. Einnig fórum við á kynningu á Sólborg þar sem Jenný kynnti fyrir okkur jóga sem hún hefur verið í leikskólanum Sólborg og í Tanga.

Starfsdagar og fundir

Starfsfundir voru notaðir til fræðslu og undirbúnings.

Fjórir starfsfundir voru á síðasta skólaári voru haldnir frá kl 13. á föstudögum sem er í samráði við foreldraráð. Á starfsmannafundunum var farið yfir ýmis mál sem varða nám, kennslu og starfsmannamál í leikskólanum. Starfsfundir voru einnig notaðir til að undirbúa foreldraviðtöl.

Nám, námskeið og fyrirlestrar

Fræðsludagur á vegum FSL, fyrir stjórnendur leikskóla var haldinn 21. sept. 2016, leikskólastjóri mætti á það eftir hádegi. 12. nóvember 2016 var 4. deild FL með fyrirlestur um skapandi leikskólastarf á Sólborg þar sem fyrirlesari kom að sunnan. Öllu starfsfólki leikskólanna boðið að taka þátt og við fórum allar.

Skema var með námskeið í desember og var áætlun um að skipta liði og fara á aðra leikskóla, það tókst ekki vegna manneklu, en leikskólastjóri náði að fara á Sólborg 7. des. Og fylgjast með Ipad kynningu þar.

12. janúar var haldið spjaldtölvunámskeið þar sem Leikskólakennari frá Akureyri var með kynningu á starfi með börnum. Námskeiðum var stillt upp þannig að við gátum allar farið og var almennt mikil ánægja með það.

Leikskólastjóri fór á Excel námskeið sem mannauðstjóri Ísafjarðarbæjar hélt í Grunnskóla Ísafjarðar 3. mars 2017.

Leikskólastjórar Ísafjarðarbæjar fóru í Stjórnendabjálfun á vegum Hagvangs í vetur.

Fyrirlestur um Heilsueflandi samfélag var haldið 9. maí á vegum landlæknisembættisins.

Einn starfsmaður var á síðasta skólaári í viðbótarnám leikskólaliða, í fjarnámi við Borgarholtsskóla .

Samstarf við grunnskólann

Brúum bilið er samstarfsverkefni á milli Laufáss og Grunnskólans á Þingeyri. Markmiðið er að skapa samfellu á milli náms barnanna í leik- og grunnskólanum og að sú þekking og færni sem börnin öðlast í leikskóla verður sá grunnur sem grunnskólanám þeirra byggir á. Í þessu augnamiði er gerð samstarfsáætlun að hausti sem felur í sér gagnkvæmar heimsóknir á milli skólanna. Í fylgiskjali 1 er samstarfsáætlunin fyrir skólaárið 2016-2017.

Öll börnin á leikskólanum taka einnig þátt í árshátíð grunnskólans með því að vera með atriði á skemmtun sem haldin er í félagsheimili Þingeyrar. Í ár var árshátíðin haldin 1. mars.

Dægradvöl

Í leikskólanum er boðið upp á dægradvöl fyrir 1. og 2. bekk Grunnskólans á Þingeyri eftir eftir skóla hjá þeim. Síðast liðið skólaár voru tvö barn í dægradvöl á Laufási. Þetta fyrirkomulag hefur reynst

nokkuð vel og er ekki annað að sjá en að fyrrverandi leikskólanemendum finnst það vera góð tilfinning að koma aftur í leikskólann. Í boði er, ef foreldrar vilja þö börnin æfa sig að lesa í leikskólanum fyrir starfsmann. Það hefur t.d. reynst mjög vel ef börn eru af erlendu bergi brotinn, þau læra þá réttan framburð og skilning og léttir aðeins á heima fyrir.

Samrekstur mótuneytis

Á Laufási er eldað fyrir leik- og grunnskólann. Maturinn fyrir grunnskólann er fluttur frá leikskólanum í þar til gerðum einangrunarkassa yfir í grunnskólann. Einn starfsmáður starfar eldhúsinu á Laufási en starfsmaður úr grunnskólanum sækir matinn og sér um að skammta hann. Kassanum er svo skilað eftir matinn til okkar. Þetta fyrirkomulag hefur gengið mjög vel og reynt hefur verið að koma til móts við óskir barna og nemenda eftir bestu getu. Matráðskonan hefur boðið nemendum grunnskólans að velja sinn „uppáhaldsrétt“ og hefur það mælst vel fyrir.

Foreldrafélag og foreldraráð

Í lögum um leikskóla nr. 90/2008 kemur fram að við hvern leikskóla skuli vera foreldraráð. Í foreldraráði Laufáss eru þrjú foreldrar. Laufás er fámennur leikskóli og þess vegna var tekin ákvörðun að sömu aðilar væru í foreldraráði og foreldrafélagi Laufáss.

Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Ráðið skal fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Einnig hefur foreldraráð umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi.

Foreldrafélagið hefur verið í góðu samstarfi við skólann og m.a. farið yfir skóladagatal áður en það var sent til fræðslunefnd til umsaganir. Foreldrafélagið færði leikskólanum leikföng að gjöf skólarárið 2015-2016 og sá það einnig um jólagjafir fyrir börnin.

Í stjórn foreldraráðs- og félagsins eru:

Janne Kristensen

Ausra Kamaruskaité

Martha Jedruch

Foreldrafundir

Leikskólinn heldur einn foreldrafund að hausti þar sem starfsemi og nám vetrarins er kynnt. Á foreldrafundinum var kynning á starfi vetrarins.

Fundurinn var 15. september 2016 klukkan 20:00 og var í framhaldinu fundur foreldrafélagsins og tókust þeir báðir vel og nokkuð vel mætt.

Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl eru tvisvar sinnum yfir skólaárið og voru þau á síðasta skólaári í september og apríl. Í foreldraviðtölum er foreldrum greint frá skráningu í heilsubók barnsins sem heldur utan um þroska barnsins. Auk þess er farið yfir þætti sem varða líðan og nám barnanna í leikskólanum.

Starfsgrundvöllur – markmið leikskólans 2016-2017

Leikskólinn Laufás er heilsuleikskóli og vinnur eftir heilsustefnu þar sem starfsmarkmiðin eru að;

- ✓ auka gleði og vellíðan barnanna
- ✓ leggja áherslu á hreyfingu
- ✓ holla næringu,
- ✓ gæði í samskiptum
- ✓ listsköpun í leik og starfi

Endurmat á starfsmarkmiðum

Gleði og vellíðan barnanna

Ýmsar leiðir eru farnar í endurmati en fyrst ber að nefna heilsubók barnsins, *Það er leikur að læra*, sem er grunnur heilsustefnunnar og hjálpar okkur að ná settum markmiðum með skráningu á ýmsum þáttum sem varða nám og þroska barnsins. Skráð er í bókina tvisvar á ári, haust og vor og veita foreldrar heimild fyrir þeim skráningum með undirritun sérstaks sammings þar að lútandi.

Heilsubókin hefur að geyma útfærð skráningarblöð varðandi ýmsar upplýsingar um barnið. Þeir þættir sem eru skráðir eru; hæð og þyngd, daglegar venjur, leikur og samskipti, málþroski, einbeiting og sjálfstæði, hreyfifærni (grófhreyfingar) og færni í listsköpun (fínhreyfingar, þróun teikninga, virkni).

Unnið er eftir niðurstöðum hvers og eins einstaklings til að ná settum markmiðum.

Vel gekk að ná markmiðum þar sem vel var að staðið að skipulagi og markmiðin eru þannig uppbyggð að allir eru glaðir og líður vel í notalegu og hvetjandi umhverfi.

Hreyfing

Í heilsustefnu Laufáss er markvisst unnið með hreyfingu. Markmiðið er að tryggja hreyfinám sem örvar og eflir hreyfifærni barnanna ásamt því að þau upplifi þá ánægju og vellíðan sem hreyfingin veitir þeim. Leiðirnar að markmiðinu er skipulögð hreyfing fer m.a. fram í sundkennslu elstu barna, og

ferðir í íþróttahúsið einu sinni í viku og einnig er lögð áhersla á útivist í valstundum í vel búnu útvistarsvæði við leikskólann sem er vel útbúin til að örva og efla hreyfifærni baranna.

Vel gekk að uppfylla markmið hreyfingar og var allaf farið einu sinni í viku í íþróttahúsið og það finnst börnunum mjög gaman. Þar sem veður var gott síðast liðin vetur var útivera á hverjum degi . Elsti árgangurinn fór í sundkennslu sem var í umsjón leikfímiskennara grunnskólans og voru þau og foreldrar þeirra mjög ánægð með kennsluna.

Áhersluþættir hreyfingar tengjast m.a. þeim matsþáttum sem skoðaðir eru í heilsubók barnsins, *Það er leikur að læra* sem fylgir hverju barni í gegnum leikskóladvölinu. Notast er við gátlista til að meta bæði finhreyfingar og grófhreyfingar hjá börnunum.

Holl næring

Á Laufási er stuðlað að góðum matarvenjum og hollustu. Þess er gætt að hafa fæðið sem fjölbreytilegast og nota sem minnst af fitu, sykri og salti. Vatn er ávallt aðgengilegt fyrir börnin og starfsmenn. Lítið er keypt af unnum kjötvörum, og brauð eru oft bökuð á staðnum. Fylgt er eftir ráðleggingum manneldisráðs varðandi matseld.

Endurmat

Matráðskonan heldur skrá yfir alla matseðla og farið er yfir þá reglulega til að bæta, auka grænmeti og hollusturétti eftir því sem við á.

Listsköpun í leik og starfi

Samkvæmt heilsustefnunni sem unnið er eftir á Laufási hefur barn hefur mikla þörf fyrir að skapa og gerir það allar stundir í leik sínum. Það að vinna út frá eigin forsendum og með þann efnivið sem það kys hverju sinni gefur barni færi á að þroska alla hæfileika sína. Skapandi starf eflir gagnrýna hugsun barna, þjálfar rökhugsun og eflir skynjun barns og næmi fyrir umhverfinu. Á Laufási er lögð áhersla á að börnin kynnist fjölbreyttum efnivið og í tengslum við þema skólaársins var lögð áhersla á listsköpun í tengslum við vettvangsferðir.

Endurmat


Vel tókst til við listsköpun í leik og starfi bæði í tengslum við þema síðasta starfsárs sem og í daglegu starfi.

Starfsáætlun – áherslur 2016-2017

Stillum saman strengi verkefnið (sjá neðar) var haft að leiðarljósi í vetur.

Þemað fyrir skólaárið 2016-2017 fjallaði um þjóðsögur og ævintýri


Það er mat starfsmanna að vel hafi tekist til við að ná því markmiði að börnin kynntust sínu þjóðsögum og ævintýrum auk þess sem farið var í vettvangsferðir. Hér er að neðan nokkrar myndir úr ferðunum sem voru fjölbreyttar og skemmtilegar. Áhersla var lögð á að kynnst þjóðsögum og ævintýrum, dýpka skilning á alvöru og ímyndun, virkja ímyndunaraflið, koma fram, rannsaka, skapa og lifa sig inni ólíkar aðstæður.



Endurmat

Þemað um Þjóðsögur og ævintýri gekk mjög vel að mati barna og starfsfólks. Þetta þótti mjög skemmtilegt og áhugavert. Unnið var með svokallaða Könnunaraðferð, þar sem börnin vinna úr sínum eigum hugmyndum í öllu leikskólastarfinu. Það var skapað, leikið, sungið, skoðað, farið í vettvangsferðir í sveitina og ýmislegt annað, ef það kom upp í hugann. Unnið var með álfasögur, Búkollu, Greppikló, Sigga og köngulóin og Nornin á kústinum. Unnið var með Greppikló fyrir árshátíð Grunnskólans á Þingeyri og fluttu stærri börn leikskólans leikritið um Greppikló auk þess sem við sungum lagið um Greppikló þar sem ynsgtu börnin fengu að vera með.

Unnið var með Bókaorminn þar sem öll börnin komu með 5 bækur eina viku í senn og völdu hvaða bók skyldi lesinn þann dag. Á föstudögum fengu svo börnin að velja sér myndir úr bókunum sínum og þær settar í spjaldtölvu í appinu *Puppet pals* sem við erum með og þau bjuggu til sína eigin sögu og notuðu myndirnar sínar til að myndskreyta.



Endurvinnsla og flokkun

Einn af föstum liðum í starfinu hjá okkur er endurvinnsla og flokkun á sorpi. Börnin læra að hægt er að endurnýta hluti og búa til eitthvað nýtsamlegt úr hlutum sem við myndum annars henda. Í leikskólanum flokkum við allt rusl og taka börnin virkan þátt í því. Eins fer allur lífrænn afgangur í moltukassann okkar.

Endurmat

Börnin er dugleg að flokka rusl og taka virkan þátt í því. Gengið hefur vel með moltuna hjá okkur og höfum við nú þegar fyllt eitt kar. Við höfum beðið nokkuð lengi eftir öðru kari til skiptanna og þetta starf gengur vel hjá okkur. Allir starfsmenn eru á því að halda áfram með þessa vinnu.

Læsi í leikskólanum - Stillum saman strengi

Leikskólinn er ásamt öðrum leik- og grunnskólum í Ísafjarðarbæ að vinna að verkefni sem ber yfirskriftina „Stillum saman strengi“ sem er um læsi í viðum skilningi sem ætlað er að vera grunnur fyrir læsina. Á Laufási er unnið markvisst að því að efla læsi með markvissri málörvun hvort sem um er að ræða frjáls leikur, almenn samskipti og í samveru- og sögustundum. Einnig erum við með vissa tíma þar sem unnið er markvisst með málörvun daglega. Markmiðið er að:

- Að auka við málskilning
- Að auka við orðaforða og örva framburð sem er mjög mikilvægt ferli hvað varðar lestrargetu og lesskilning barnsins í framtíðinni.

Leiðir að markmiðum

Farið er í leiki í litlum hópum og unnið með þætti eins og rím og þulur, hlustunar- og athyglisleiki, orð og setningar. Unnið er með efni úr bókinni *Það er leikur að læra* á skipulegan hátt og smáforrit sem aðgengilegt er í spjaldtölvum leikskólans. Lesið er fyrir börnin og sagðar sögur og notuð eru spil og annað það efni sem aðgengilegt er fyrir leikskólabörn og tengist læsi. Í þessari vinnu er tekið tilliti til aldurs og þroska barnanna og að námið fari fram í leik.

Endurmat

Vel hefur gengið að vinna að áætlun um að efla læsi í viðum skilningi sem er gert með margþættum hætti í daglegu starfi sem og leik. Börnin eru virk og finnst mjög gaman í þessum tímum og eru virk. Við höfum séð miklar framfarir í elsta hópnum. Foreldrar eru sérstaklega ánægðir og hafa komið og haft á orði hvað þau sjá miklar framfarir hjá börnum sínum.

Skipulag á sumarönn

Skipulag á sumarönn er frábrugðið starfinu yfir vetrartímann að því leyti að þá er eiginlegt hópastarf ekki í gangi. Farið var á sameiginlega myndlistasýningu leikskóla Ísafjarðarbæjar sem haldið var í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði í júní. Sá dagur var nýttur sem menningarferð á Ísafirði og fórum við í Slökkvistöðina og á lögreglustöðina. Við skoðuðum sjúkrabíl, slökkvibíl, lögreglubíl, fangelsi og margt annað.

Farið var í sveitaferð að Gemlufalli í byrjun júní og í fjöruferðir. Í stað íþróttahúsaferða var farið í útinám með börnunum. Fyrst var farið í tveimur hópum en svo voru þeir sameinaðir í einn hóp. Oft var borðað úti þegar veður var gott og ýmislegt fleira skemmtilegt gert eins og hafðir útidótadagar en þá mega börnin koma með útidót að heiman.

Endurmat á sumarstarfi

Mat kennara var að starfsemi á sumarönn hafi almennt gengið nokkuð vel, þrátt fyrir að börnunum hafi fækkað nokkuð fram að sumarleyfinu. Það var samt alltaf gaman.



Frá ferð í sumar í útináminu

Endur og símenntunaráætlun

Í starfsmannastefnu Ísafjarðarbæjar segir að starfsmenn skuli eiga kost á fræðslu og endurmenntun sem eykur þekkingu þeirra í starfi og að þeir skuli hvattir til að efla fagþekkingu sína í samræmi við síbreytilegar kröfur sem gerðar eru til vinnustaða sveitarfélagsins. Í kjarasamningum er kveðið á um að starfsmenn skuli eiga kost á að sækja fræðslu- eða þjálfunarnámskeið. Stefnt skuli að því að gera símenntunaráætlanir fyrir allar stofnanir/starfseiningar. Markmið þeirra verði að samræma áhuga starfsmanna fyrir símenntun og heildarmarkmiðum stofnana/starfseininga.

Á sameinginlegum námskeiðdegi leikskóla Ísafjarðarbæjar er alltaf sérsniðið námskeið sem snýr að leikskólastarfinu. Reynt er að hafa bæði fjölbreytt og fræðandi efni sem snýr beint að börnunum eða fræðsla sem er ætluð starfsfólkinu sem upplýsir um t.d. alvarlegri málum sem lýtur að þroska barna og leiðir okkur í átt að því að verða betur upplýst um sem flesta þætti.

- Á Laufási er starfsfólk hvatt til þess að sækja námskeið og efla þekkingu sína.
- Á Laufási er starfsfólk hvatt til þess að lesa greinar og kynna sér nýjungar.
- Á Laufási eru starfsdagar og starfsmannafundir nýttir til þess að auka við þekkingu, miðla og samræma uppeldisaðferðir.

Endurmat

Talsvert var um námskeið og ráðstefnur sem starfsmenn sóttu. (Sjá ofar)

Nýjungar í starfi leikskólans

Unnið var með Bókaorminn þar sem öll börnin komu með 5 bækur eina viku í senn og völdu hvaða bók skyldi lesinn þann dag. Á föstudögum fengu svo börnin að velja sér myndir úr bókunum sínum og þær settar í spjaldtölvu í appinu *Puppet pals* sem við erum með og þau bjuggu til sína eigin sögu og notuðu myndirnar sínar til að myndskreyta.

Markmiðin með Bókaorminum í leik og starfi á Laufási eru:

- Börnin hlusta á sögur
- Að eflast í hlustun og skilning og tjáningu
- Að börnin læri á smáforrit í iPad sem ætluð eru til þess að auðga ímyndunaraflíð og sköpunarkraft þeirra.
- Að börnin læri umgengni við iPadinn
- Að börnin eflist félagslega í nánu samstarfi við hvert annað.

Sérkennsla

Leikskólastjóri hefur sinnt þeim börnum sem hafa þörf á einstaklingssérkennslu. Áhersla er einnig lögð á að veita sem mestan stuðning inni á deildum. Eitt barn var í vetur með beiðni um greiningu vegna ýmissa þátta sem talið var af starfsfólki að þyrfti að fá frekari greiningu á. Niðurstöður voru á þann veg að ekki þótti ástæða til að grípa til sérúrræða fyrir barnið að svo stöddu. Eitt barn naut þjónustu Tröppu sem er með talþjálfun í gegnum tölvu. Það gekk mjög vel.

Nokkur skimunarpróf eru notuð í leikskólanum til að meta þroska og nám barna. Þessi próf og matslistar eru eftirfarandi:

- ✓ Efi- málþroskapróf, lagt fyrir öll börn 3 -4 ára
- ✓ Stærðfræði könnun fyrir elsta árganginn
- ✓ Hljóm-2 próf lagt fyrir öll 5 ára börn
- ✓ Heilsubók barnsins
- ✓ Tove Krogh teiknipróf
- ✓ Íslenski þroskalistinn

Upplýsingar um sjálfsmat

Heilsubók barnsins er eitt helsta matstækið á Laufási. Tvisvar á ári eru skráð staða hjá hverju barni fyrir sig, varðandi helstu þroskaþætti sem og geta hjá börnunum. Niðurstöður eru kynntar foreldrum í foreldraviðtölum sem eru tvisvar á ári.

Hljóm-2 próf eru tekin á hverju ári hjá elsta árgangi leikskólans.

Foreldramat var unnið í samstarfi við Skólapúlsinn.

Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári þar sem foreldrar fá upplýsingar um niðurstöður sem skráðar eru í Heilsubók barnsins og þeim gefinn er kostur á að ræða einslega við hópstjóra og stöðuna á leikskólanum hverju sinni.

Starfsmannamat er unnið annað hvert ár af mannauðsstjóra Ísafjarðarbæjar og svo hitt árið af Skólapúlsinum.

Starfsmannaviðtöl eru einu sinni á ári.

Starfsmannafundir eru 4 sinnum á ári til að skoða, meta, bæta og vinna í því að gera okkar besta hverju sinni.

Starfsskýrsla / skóladagatal Laufáss 2016-2017

Hér verður fjallað um átburði sem skráðir voru í skóladagatal ásamt ferðum, skemmtanir, menningarviðburði og hefðir á Laufási skólaárið 2015-2017.

5. september: Sveitaferð að skoða Búkollu

20. október: Leikrit um Örn sem var í boði Þjóðleikshússins. Elstu börnum leikskólans og yngstu börnum Grunnskólans boðið.

16. nóvember: Dagur íslenskrar tungu, elstu börnin grunnskólans koma og lesa fyrir okkur.

19. nóvember: Þennan dag varð Laufás 30 ára og var foreldrum, öfum og ömmum boðið í veislu.

5-6. desember: Jólasmákökubakstur og skreyting

7. desember: Listir fyrir alla á Ísafirði. Íslenska dansflokkurinn var með Óði og Flexu. Elstu börnum leikskólans og yngstu börnum Grunnskólans boðið.

8. desember: Jólastund með foreldrum þar sem við buðum upp á piparkökur sem börnin höfðu bakað og skreytt.

- 15. desember:** Jólagleði þar sem jólasveinar komu í heimsókn og við gengum í kringum jólatréð og borðaður jólamatur.
- 20. janúar:** Þorrablót.
- 6. febrúar:** Dagur leikskólans – Fjölmeningardagur á Laufási. Starfsmenn og foreldrar koma með eitthvað smakk frá sínu landi. Allir velkomnir. Sungin voru lög á mismunandi tungumálum.
- 1. mars:** Árshátíð Grunnskólans á Þingeyri þar sem leikskólinn var með leikritið Greppikló og söngatriði.
- 5. maí:** Foreldrum boðið í morgunkaffi.
- 19. maí:** Útskriftarnemendur fóru í ferðalag með starfsfólki á Náttúrugripasafnið, í Ósvör, farið var í Ísferð og svo var stoppað í Önundarfirði og borðað nesti.
- 27. maí:** Útskrift elstu nemenda. Foreldrum og öðrum velunnurum boðið að koma til að vera við útskriftina og öllum boðið upp á hamborgara og safa.
- 1. júní:** Sveitaferð að Gemlufalli þar sem við skoðuðum fjárhúsin, fjósið, hæurnar, skoðuðum umhverfið, lékum okkur og grilluðum. Mjög kalt var og buðu húsráðendur börnunum inn og í ís þar til rútan kom, horft var á mynd og kíkti Tobbi talandi páfagaukurinn og heilsaði uppá krakkana.
- 8. Júní:** Myndlistasýning leikskóla Ísafjarðarbæjar.
- 7. júlí:** Sumargleði og þá er foreldrum boðið í heimsókn og við grilluðum pylsur og boðið var upp á andlitsmálningu og hestaferðir.
- Dótadagur:** Nokkrir dóta-dagar voru á starfsárinu 2016-2017 eða ca. einu sinni í mánuði. Einnig voru útidóta-dagar á sumrin. Á þessum dögum mega börnin koma með leikfang að heiman í leikskólann.
- Jólagleði:** Jólagleðin var haldin 15. desember og komu tveir jólasveinar í heimsókn með gjafir fyrir börn og starfsfólk. Síðan var boðið upp á hátíðarmat í hádeginu og smákökur í síðdegis hressingunni.
- Þorrablót:** Að venju var haldið Þorrablót í leikskólanum og börnunum boðið upp á þorramat að íslenskum sið á Bóndadaginn. Börnin höfðu búið sér til þorrakórónur og sungin voru

nokkur lög undir borðhaldinu. Skemmtilegur og þjóðlegur dagur, en þó verður að segja að börnin eru þó misdugleg að borða þorramatinn, en þau smakka nú oftast.

Dagur leikskólans: Þann 6. febrúar ár hvert er dagur leikskólans og er markmiðið með deginum að kynna það starf sem fer fram í leikskólum landsins. Á Laufási höfum við boðið foreldrum og öðrum velunnurum í leikskólann á svokallaðan fjölmeningardag þar sem við smökkum framandi mat frá öðrum þjóðum og syngjum lög á ólíkum tungumálum.

Bollu- sprengi- og öskudagur: Bollur eru borðaðar í öll mál, rjóma- og sultubollur í hressingum og fiskibollur í hádeginu. Á Öskudaginn er búninga- eða náttfatadagur og börnin koma í alskyns búningum. 1. og 2. bekkur G.Þ. eru alltaf boðin í heimsókn og kötturinn var slegin úr tunnunni og síðan var dansað og leikið.

Íþróttahátíð/myndlistarsýning: Þessar hátíðir eru haldin annað hvert ár og eru á móti hvert öðru. Í ár var myndlistasýning sem haldin var 8. til 23. Júní í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði.

Upplýsingar um breytingar, viðgerðir og viðhald í leikskólanum

Viðhald húss og lóðar og viðhald innanstokksmuna

Lóðin var slegin einu sinni. Leikskólinn var bónaður í byrjun júlí. Settar voru upp upp nýjar rúllugardínur, bæði til að dimma í hvíldarherbergjum og til að verja augun fyrir sólargeislum.

Skipt var um salerni á starfsmanna-aðstöðunni.

Farið var yfir krana í vöskum og skiptum þá sem slitnir voru.

Búið er að laga wifi aðgengi í skólanum.

Mála á leiktæki og girðingu, pall og bekki í sumarleyfinu. Það náðist ekki að klár að mála öll leiktækin þar sem mikið rigndi á tímabilinu sem vinnuskólakrakkarnir voru við vinnu.

Setja á ræsi í mótuneytinu í sumarleyfinu.

Aðkallandi viðhalds verkefni

- ✓ Búið er mála um það bil hálfan leikskólann að innan. Það þarf að klára það sem eftir er, næsta sumar.

- ✓ Það þarf að laga aðkomuna að leikskólanum, það er að segja afgirti reiturinn þegar komið er að skólanum. Það væri mjög skemmtilegt að útbúa þarna frekar gróft svæði, með hellum og hlóðum og náttúrulegu leikefni.
- ✓ Það þarf að fara yfir Aðgerðaráætlun Vinnueftirlits og laga það sem fram kom að væri ábótavant á leikskólanum. Eitt af því er að fara yfir loftræstikerfið sem er í vinnslu og hefur verið frá haustmánuðum 2015.
- ✓ Fara þarf yfir ljós og slökkvara af rafvirkja og laga ef þarf.

Brýnt viðhald á leikskólalóðinni

- ✓ Það þarf að laga aðkomuna að leikskólanum, það er að segja afgirti reiturinn þegar komið er að skólanum. Það væri mjög skemmtilegt að útbúa þarna frekar gróft svæði, með hellum og hlóðum og náttúrulegu leikefni. Ég er viss um að foreldrafélagið myndi koma að þessu með vinnuframlagi af einhverju tagi.
- ✓ Vinna þarf skipulega að því að uppræta illgresi á lóðinni.
- ✓ Setja ræsi fyrir framan hliðið, en þar myndast stór pollur þegar það rignir.
- ✓ Breikka aðkomuna að leikskólanum, allt í drullu fyrir framan og uppspænt, því hellulagða stéttin eru ekki nægilega breið, þar sem keyrt er þarna um þegar maturinn er sóttur og komið er með vörur.
- ✓ Kerrugeymsla er nauðsynleg, þar sem börn gætu líka sofið úti þar sem hvergi er aðstaða til þess vegna veðurs, snjóhruns af þaki og skjól er lítið.
- ✓ Mála þakið og í kringum glugga.
- ✓ Klára að mála þau leiktæki sem ekki tókst að mála í sumarleyfin

Upplýsingar um keypta þjónustu

Keypt var þjónusta af eftirfarandi aðilum:

- ✓ Snerpa leigir okkur aðgang að heimasíðu leikskólans.
- ✓ Námskeið fyrir námskeiðsdag leikskólanna
- ✓ Keypt var þjónusta af sálfræðingi.
- ✓ Keypt var þjónusta af Tröppu, talþjálfun
- ✓ Keypt var þjónusta af Pólnum vegna viðgerðar á ofni í eldhúsi.

Hvernig tókst að halda fjárhagsáætlun

Vel tókst að halda fjárhag innan ramma fjárhagsáætlunar á þessu tímabili.

Fylgiskjal 1

Brúum bilið, starfsáætlun fyrir skólaárið 2016-2017

SKÓLAHEIMSÓKNIR ERU Á MILLI 10:00 – 12:00

Dagsetningar og viðburðir:	Hvað á að gera?
24. október Heimsókn leikskólabarna í grunnskólann	Skólastjóri tekur á mótí börnunum og þau fá kynningu á skólanum, einnig munu þau taka þátt í kennslustundum á yngstastigi. Nemendur vinna sameiginlega að ákveðnum verkefnum þennan tíma.
28. nóvember Heimsókn grunnskólabarna í leikskólann	1.-2.bekkur grunnskólanemenda taka þátt í leikskólastarfi einn dag. Nemendur vinna sameiginlega að ákveðnu verkefni þennan tíma.
7. desember List fyrir alla, danssýning í Edinborg á Ísafirði.	Grunn,-og leikskóli fara saman á sýningu á Ísafjörð. Báðir skólar koma að skipulagi ferðar.
16. janúar Heimsókn grunnskólabarna í leikskólann	1.-2.bekkur grunnskólanemenda taka þátt í leikskólastarfi einn dag.
6.-9. febrúar Sundnámskeið f. leikskólabörn	Sundnámskeið leikskólabarna sem er í umsjón sundkennara grunnskólans. Mán.-fim. kl. 9:00.
27. febrúar Bolludagsgleði á leikskólanum	Nemendur 1. bekkjar taka þátt í bolludagsgleði leikskólans.
1. mars Árshátíð G.Þ.	Leikskólanemendur taka þátt í fyrri sýningu árshátíðar G.Þ.
28. apríl kl. 10 Heimsókn leikskólabarna með foreldrum í grunnskólann	5 ára leikskólanemendur koma með foreldrum í grunnskólann og fá kynningu á skólanum undir leiðsögn skólastjóra og umsjónarkennara á yngstastigi.
18. maí kl. 17:00 Skólafærninámskeið	Skólafærninámskeið fyrir forráðamenn 5 ára barna í skólanum.
23. maí Grænn dagur/ umhverfisdagur/vorganga	Sameiginlegur dagur. Hugað að umhverfinu, náttúrunni, farið í göngutúr.

Ég, Elsa María Thompson leikskólastjóri sagði upp starfi mínu í maí síðastliðnum og er því að klára mína síðustu daga í leikskólanum. Ég vil nota tækifærið og þakka fyrir samstarfið öll þessi ár sem ég hef starfað við skólann. Ég vil líka óska þeim eftir eru og þeim sem koma inn velfarnaðar í leikskólastarfinu. 😊

Kveðja,
Elsa María

Elsa María Thompson
Leikskólastjóri
Heilsuleikskólans Laufási
Hlíðargata 1, 470 Þingeyri